

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3440

<b>Rekstraraðili</b> Malbiksstöðin ehf. kt: 5405044660	<b>Tegund starfsemi</b> Malbikunarstöðvar	<b>Starfsleyfisnúmer:</b>  <b>Gildistími starfsleyfis</b> 3. júní 2036
<b>Starfsstöð</b> Esjumelar	<b>Tegund eftirlits</b> Reglubundið eftirlit	<b>Dagsetning eftirlits</b> 9. júní 2026
<b>Starfstöðvarnúmer:</b> 0471	<b>Eftirlitsmaður</b> Kristín Kröyer	<b>Útgáfudagur skýrslu</b> 19. Júní 2026

## Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Sindri Kristján Magnússon	Verkefnastjóri framleiðslusviðs

## Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö ný frávik er varða mælingar og gagnaskil.

## Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 9. júní 2026.

### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Farið var yfir útistandandi frávik og ábendingar frá fyrra eftirliti.

- Rekstraraðila var bent á að setja sér umhverfismarkmið sem ná yfir lengra tímabil en eitt ár í senn. Rekstraraðili hefur nú sett sér umhverfismarkmið til þriggja ára fyrir orkunotkun á öllum orkugjöfum og úrgang. **Lokið.**

- b. Rekstraraðila var bent á að hafa þéttingar á niðurföllum aðgengilegar. Rekstraraðili er að vinna að því að finna lok sem henta fyrir starfsemina.
- c. Rekstraraðila var bent á að uppfæra tengiliða upplýsingar stofnunarinnar í áætlunum sínum. Þetta hefur verið gert. **Lokið**
- d. Frávik frá gr. 2.3 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðili gat í eftirlitinu árið 2025 ekki sýnt fram á að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu þeirra efna sem það getur komist í snertingu við. Rekstraraðili hefur nú komið upp skráningarkerfi til að halda utan um þjálfun og skráningu starfsmanna. **Fráviki lokið.**
- e. Frávik frá gr. 7. í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg og 39. gr. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun. Stór olíu flekkur er undir olúgeymi á lóð. Í eftirlitinu árið 2025 kom fram að engar ráðstafanir höfðu verið gerðar til að koma í veg fyrir frekari mengun né hreinsa upp þá mengun sem komin er. Svæðið hefur nú verið hreinsað og malbikað einnig hafa árekstrarvarnir verið bættar. **Fráviki lokið.**
- f. Frávik frá gr. 50. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Allir olúgeymar skulu staðsettir eða varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum. Úrgangsolúteymur var í eftirlitinu árið 2025 án allra árekstrarvarna. Úrgangsolúteymurinn hefur verið færður á betri stað og komið fyrir árekstrarvörnum. **Fráviki lokið.**
- g. Frávik frá gr. 3.7 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir svifagnir í frárennslismælingum er 50 mg/l. Samkvæmt efnagreiningu á sýni sem tekið var 18. júlí 2024 voru 66 mg/l af svifögnum í sýninu. Verkferlum hefur verið breytt og sýni eru tekin tvisvar á ári og samkvæmt niðurstöðu síðustu sýnatöku er magn svifagna undir viðmiðunarmörkum. **Fráviki lokið.**

### Kynning á fylgiskjölum

Rekstraraðili fékk með boðun eftirlitsins sendar upplýsingar um áherslu stofnunarinnar á olíuskiljur.

### Rekstrarhandbók

Farið yfir skráningar sem rekstraraðili heldur utan um samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi og eru allir þeir þættir sem þar koma fram skráðir.

### Olíuskilja

Á lóð rekstraraðila eru tvær olíuskiljur. Báðar skiljurnar eru vaktaðar með sjálfvirkum viðvörunarbúnaði sem er staðsettur á rannsóknastofunni. Samkvæmt upplýsingum í eftirliti var skiljan síðast tæmd í mars 2026 og voru þá einnig tekin vatnssýni úr olíuskiljunni. Samkvæmt niðurstöðum úr efnagreiningu sýnanna voru bæði svifagnir og magn olíu undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfinu. Olíuskiljurnar taka við afrennsli frá aksturssvæðum innan Malbikstöðvarinnar annarsvegar 175 m<sup>2</sup> og hins vegar 285 m<sup>2</sup>. Samkvæmt útreikningum stofnunarinnar þurfa olíuskiljurnar að vera að lágmarki að nafnstærð 1 l/s annarsvegar og 1,6 l/s hins vegar. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er nafnstærð beggja skiljanna 3 l/s sem er umfram lágmarkskröfur.

### Útblástur

Ekki var framkvæmd mæling á útblæstri stöðvarinnar árið 2025 sem er **frávik**. Rekstraraðili vinnur þétt með framkvæmdaraðila mælingarinnar til að sjá til þess að hægt verði að framkvæma mælingu árið 2026.

### Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði gildu tryggingaskýrteini í eftirlitinu.

## Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skilaði umhverfisupplýsingum til stofnunarinnar á réttum tíma. Hins vegar vantaði upplýsingar um úrgang í bókhaldið sem er **frávik**.

## Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist stofnuninni né rekstraraðila vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

## Vettvangsferð

Gengið var um athafnasæðið. Búið er að bæta úr aðstöðunni kringum olútankinn. Einnig voru niðurföll skoðuð. Ekki voru gerðar athugasemdir í vettvangsferðinni.

## Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.6 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 9. júní 2026  Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi  <i>Ekki voru gerðar mælingar á útblæstri frá stöðinni árið 2025</i>	Opið
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald	Frávikið var skráð: 9. júní 2026  Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.  <i>Upplýsingar um úrgang vantaði inn í skil á umhverfisupplýsingum.</i>	Opið

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.